

FUNDARGERÐ

335. fundur stjórnar HEF veitna ehf., haldinn í fjarfundi, þriðjudaginn 27. febrúar 2024 kl. 14:00.

Mætt eru:

Ágústa Björnsdóttir (ÁB), Hildur Þórisdóttir (HÞ), Ívar Karl Hafliðason (ÍKH), Helgi Hlynur Ásgrímsson (HHÁ), Vilhjálmur Jónsson (VJ) og Aðalsteinn Þórhallsson (AP) framkvæmdastjóri.

Gestir í upphafi fundar: Magnús Jónsson, endurskoðandi KPMG.

Fjóla Sigurðardóttir, skrifstofustjóri.

Ágústa Björnsdóttir stýrði fundinum.

Dagskrá:

- 1 Ársreikningur
- 2 Aðalfundur – undirbúningur
- 3 Umhverfisstofnun – stuðningur við LIFE ICEWATER verkefni
- 4 Samorka – aðalfundur o.fl.
- 5 Önnur mál

Ágústa greindi frá andláti Baldurs Einarssonar, Ekkjufellsseli. Baldur hefur verið einkar velviljaður félaginu, var um tíma framkvæmdastjóri þess og hefur um árabil leigt félaginu land til afnota. Blessuð sé minning Baldurs Einarssonar.

1 Ársreikningur

Magnús fór yfir drög að ársreikningi og svaraði spurningum, stjórn þakkar honum fyrir yfirferðina. Magnús fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðasta fundi, (#334).

Stjórn HEF veitna ehf. leggur til að ekki verði greiddur arður til hluthafa 2024 vegna rekstrarársins 2023, en vísar að öðru leyti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi. Fyrir liggur að verulega kostnaðarsamar framkvæmdir til viðhalds og uppbyggingar innviða veitnanna munu koma til á næstu misserum og árum, meðal annars til að uppfylla auknar umhverfiskröfur og vinna að orkuskiptum.

Tillagan borin upp og samþykkt. Ársreikningur félagsins fyrir 2023 borinn upp og samþykktur samhljóða.

Fjárhæðir í þús. kr.

Helstu tölur úr ársreikningi	2023	2022	2021	2020
Rekstrartekjur	759.690	674.031	641.211	489.682
Rekstrargjöld	286.571	237.145	233.602	187.233
Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITA)	473.119	436.886	407.609	302.449
Afskriftir	117.307	111.392	106.844	102.090
Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði	355.812	325.493	300.765	200.359
Hrein fjármagnsútgjöld	54.354	55.572	26.214	67.675
Hagnaður fyrir tekjuskatt	301.459	269.921	274.551	132.684
Hagnaður ársins	284.119	252.423	250.939	121.306
Eigið fé	2.005.917	1.721.798	1.469.374	1.069.348
Eigið fé og skuldir samtals	3.142.181	2.796.022	2.630.557	2.421.951
Langtímaskuldir	834.320	836.254	916.245	1.151.373
Eiginfjárhlutfall	63,8%	61,6%	55,9%	44,2%

Fjóra og Magnús yfirlýsing fundinn.

2 Aðalfundur – undirbúningur

Helstu atriði fyrir undirbúning aðalfundar yfirfarin.

3 Umhverfisstofnun – stuðningur við LIFE ICEWATER verkefni

Umhverfisstofnun (UST) er ásamt fjölda samstarfsaðila að ganga frá og skila styrkumsókn til EU fyrir ICEWATER, sem snýr að innleiðingu vatnaáætlunar fyrir allt Ísland. Í umsókninni er lögð töluverð áhersla á fráveitumál og úrbætur í stjórnsýslu. UST leitar eftir stuðningi við umsóknina með yfirlýsingu um vilja til þátttöku og veitingu upplýsinga til verkefnisins. Fyrir fundinum liggur tillaga að jákvæðu svari til UST. Framkvæmdastjóra falið að ganga frá málinu.

4 Samorka – aðalfundur o.fl.

Aðal- og ársfundir Samorku verð haldnir 20. mars í Reykjavík, fulltrúi stjórnar og framkvæmdastjóri munu sækja fundina. Framkvæmdastjóri er jafnframt í framboði til varafulltrúa í stjórn samtakanna.

Fagþing raforku verður haldið dagana 23. – 24. maí 2024 á Hótel Örk í Hveragerði. Samhliða þinginu verður vöru- og þjónustusýning.

Framkvæmdastjóri gerði svohljóðandi bókun á 318. fundi stjórnar Samorku, 2. febrúar sl.:

8c) Afstaða HEF veitna til orkuvinnslu.

Aðalsteinn gerði grein fyrir nýlegri ályktun stjórnar HEF veitna og lagði hana fram á fundi stjórnar: „Stjórn HEF veitna metur mikilvægt að stjórnvöld endurskoði hvernig arði af nýtingu auðlinda til raforkuframleiðslu verði skipt með sanngjörnum hætti, milli hagaðila, sbr. bókun Sveitarstjórnar Múlaþings frá 11. janúar 2023: „...Að arður af nýtingu náttúruauðlinda til raforkuframleiðslu skiptist með sanngjörnum hætti milli þeirra sem eru hagsmunaaðilar við orkuvinnslu. Það eru eigandi auðlindarinnar, orkuframleiðandinn, orku kaupandinn, þjóðin og nærsamfélagið.“

5 Önnur mál

Engin önnur mál.

Næsti fundur verður boðaður með dagskrá.

Fundi slitið kl. 15:25

Fundargerð ritaði Aðalsteinn Þórhallsson.

Undirritunarsíða

Samþykkt
Aðalsteinn Þórhallsson

Samþykkt
Ágústa Björnsdóttir

Samþykkt
Helgi Hlynur Ásgrímsson

Samþykkt
Hildur Þórisdóttir

Samþykkt
Ívar Karl Hafliðason

Samþykkt
Vilhjálmur Jónsson